

✉ Umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagstillögur fyrir fjallaskála í Hrunamannahreppi

| | |
|-----------|---|
| Búið til | 27.8.2021 13:55:53 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 27.8.2021 13:33:41 |
| Tilheyrir | 📁 202009-0006 - Ósk um umsögn um fjallaskála á Hrunamannafrétti |

Efni

Umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagstillögur fyrir fjallaskála í Hrunamannahreppi

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 27.8.2021 13:33:41 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | vigfus@utu.is |

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202009-0006 (SS, IAS, RT).

Vísað er til röð tölvupósta frá skipulags- og byggingafultrúa Uppsveita bs., dagsetta 8. ágúst 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögur fyrir átta fjallaskála í Hrunamannahreppi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsinguna fyrir deiliskipulag fjallaskálanna þann 9. ágúst 2019. Þar var m.a. bent á mikilvægi þess að meta skipulagsgerðina með tilliti til áhrifa á óbyggð víðerni. Aukin uppbygging og aukin umferð hefur áhrif á þann þátt í skilgreiningu á óbyggðum víðernum í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 sem snýr að því að hægt sé að njóta náttúrunnar í víðernum án truflunar. Víða á hálendinu eru aðstæður af þeim toga og fara þarf varlega til að tryggja að þær tapist ekki með tilheyrandi áhrifum á sérstöðu hálendisins. Mikilvægt er að sveitarfélagið móti sér afstöðu um hvernig stefnt sé að því að tryggja verndun óbyggðra víðerna samkvæmt markmiðum 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Rýna þarf öll kynnt skipulagsáform um fjallaskála í því samhengi og aðlaga áformin þannig að dragi úr líkum á að óbyggðum víðernum fækki eða þau minnki. Að öðrum kosti má rökstyðja að skipulagsáform séu á skjön við markmið náttúruverndarlaga og tilmæli Landskipulagsstefnu 2015-2026 um verndun víðerna á miðhálandi Íslands.

Náttúrufræðistofnun hefur tekið til skoðunar deiliskipulagstillögur fyrir eftirfarandi 8 fjallaskála: Leppistungur, Heiðará, Helgaskála, Miklöldubotna, Grákoll, Fosslæk, Svínárnes, Efri-Kisubotna.

Ekki bærust umsagnarbeiðnir fyrir áfangastaðina Frægðarver og Rofshóla sem einnig voru til umfjöllunar í skipulagslýsingunni.

Veitt er sameiginleg umsögn fyrir alla átta fjallaskálana.

Almennt um áformin.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands eru áform Hrunamannahrepps um uppbyggingu á átta fjallaskálum í það heila á þann veg að töluverð eðlisbreyting mun verða á hálendissvæðinu og þeim áfangastöðum sem um ræðir. Mikil aukning er á fjölda gistiþlássu og leyfðu byggingarmagni á flestum stöðunum, stundum allt að fimmföld aukning og einnig töluverð fjölgun einstakra mannvirkja (mjög mikil á Svínárnesi). Í deiliskipulagstillögunum er umfjöllun um áhrif þessarar uppbyggingar á óbyggð víðerni lítil, og ekki fjallað um á heildstæðan hátt fyrir allar tillögurnar samtímis t.d. með kortum sem sýna skerðingu víðerna. Þannig er ekki sýnt hvernig áformin breyta stöðu óbyggðra víðerna á svæðinu. Því er ekki að sjá að ábendingu Náttúrufræðistofnunar í umsögn um skipulagslýsingu, um að meta þurfi skipulagsgerðina með tilliti til áhrifa á óbyggð víðerni, hafi verið fylgt að fullu. Það er miður.

Stefnt er að vinnu við svæðisskipulag Suðurlandis og eru þjóðlendur í Hrunamannahreppi innan þess skipulagssvæðis. Nýlega var skipulagslýsing kynnt fyrir það verkefni. Náttúrufræðistofnun telur að álitlegt hefði verið að klára stefnumótun um uppbyggingu fjallaskála í vinnu við svæðisskipulag á heildstæðan hátt, áður en ákvarðanir eru teknar um áform einstakra sveitarfélaga þar sem stefnt er að umtalsverðri uppbyggingu eins og deiliskipulagstillögur þessar í Hrunamannahreppi fela í sér. Mikil breyting verður á svæðinu í heild ef til allrar þessarar uppbyggingar kemur, einkum með tilliti til ásýndar og landslagsáhrifa en aukin notkun og umferð á svæðinu eykur einnig álag á lífríki svæðisins, bæði gróður og dýralíf.

Að mati Náttúrufræðistofnunar skortir heildstæða sýn um umfang og eðli uppbyggingar í fjallaskálum innan hálendismarka á Suðurlandi sem og víðar, og telur stofnunin að vinna í svæðisskipulagi Suðurlandis sé afar mikilvægt tækifæri til að mynda sameiginlega sýn um málið. Sú sýn þarf að taka tillit til lögbundinna markmiða um verndun óbyggðra víðerna, landslags, jarðminja og annarra náttúruminja á hálendinu. Það er því nokkuð ótímabært að mati Náttúrufræðistofnunar að samþykkja uppbyggingu við svo marga áfangastaði á hálendi eins og stefnt er að í Hrunamannahreppi áður en þessi sameiginlega sýn er fest í sessi.

-

Um einstök skipulagssvæði:

-

1. Efri-Kisubotnar og Grákollur

Tveir skálanna eru áætlaðir innan marka friðlýsta landslagsverndarsvæðisins, Kerlingarfjöll. Það eru Efri-Kisubotnar og Grákollur. Hvoru tveggja eru ætlaðir sem áfangastaðir göngufólks. Í Efri-Kisubotnum er skáli fyrir sem mun víkja fyrir nýju húsi. Engin mannvirki eru við Grákoll og því um nýtt uppbyggingarsvæði að ræða.

Samkvæmt auglýstum skilmálum um friðlýsingu Kerlingarfjalla eru meginmarkmið friðlýsingarinnar (2. grein) að vernda merkilegar jarðminjar svæðisins, landslag, óbyggðir og ásýnd þess og tryggja skal að nýting svæðisins spilli ekki jarðminjum, landslagi og ásýnd. Nýir og stækkaðir fjallaskálar munu óneitanlega hafa áhrif á landslag og ásýnd og ef ekki er vandað til verka við að láta mannvirki falla inn í landslag, þá verða þau áhrif neikvæð. Uppbygging nýs skála við Grákoll mun hafa áhrif á óbyggð víðerni í sunnanverðum Kerlingarfjöllum því engin mannvirki eru fyrir á svæðinu. Auk fjallaskálans mun nýr vegslóði bætast við.

Athygli vekur að Klakksskáli er staðsettur tæpa 2 km frá áætluðu skálastæði við Grákoll.

Náttúrufræðistofnun telur að skoða hefði mátt að nýta Klakkskála frekar sem áfangastað fyrir göngufólk í stað þess að bæta við nýjum skála við Grákoll með tilheyrandi raski og áhrifum á landslag.

Við Efri-Kisubotna þarf að tryggja að aukin uppbygging raski sem minnst votlendisvistgerðum nálægt áreyrum. Þar hafa einnig fundist sjaldgæfar plöntutegundir, fjallavorblóm (*Draba oxycarpa*) og rauðstör (*Carex rufina*). Mikilvægt er því að draga úr öllu óþarfa raski við framkvæmdir.

2. Fosslækur

Við Fosslæk eru áform um töluverða aukningu á uppbyggingu, eða frá 64 fermetra lágrestum fjallaskála með torfbaki og lítilli geymslu í tvö allt að 100 fermetra hús með 5,5 metra mænishæð. Töluverð ásýndarbreyting verður á svæðinu. Þá þarf að fara afar varlega við framkvæmdir því gróðurfar svæðisins er

viðkvæmt og þar eru vistgerðir með hátt verndargildi einkum grasengjavist og starungsmýravist. Einnig hafa rústamýrar fundist á svæðinu í litlum mæli en þær hafa mjög hátt verndargildi.

3. Miklöldubotnar, Leppitungur og Helgaskáli.

Á þessum þremur svæðum eru sambærileg áform um töluverða aukningu á uppbyggingu, en í stað fremur smárra skála sem fyrir eru er heimilað að stækka skálana upp í allt að 100 fermetra og byggja nýtt 100 fermetra hús til viðbótar. Stækkun á hesthúsi er einnig leyfði í Leppitungum. Þessu fylgir töluverð ásýndarbreyting fyrir svæðin og rask á gróðurlendi. Á Miklöldubotnum er einnig gert ráð fyrir stóru hestagerði vestast á deiliskipulagssvæðinu. Hestagerðið er staðsett í starungsmýri sem hefur hátt verndargildi og mikilvægt er að verði ekki raskað með of mikilli beit eða umferð hesta. Í Leppitungum er einnig hætt á að votlendi verði raskað ef ekki er gætt að því við framkvæmdir.

4. Svínárnes

Áætlað er að heimila umtalsverða uppbyggingu við Svínárnes þar sem í dag eru tveir, gamlir, litlir skálar. Alls er gefin heimild fyrir 10 nýjum byggingum og hámarks byggingarmagn 950 fermetrar. Ljóst er að svo mikilli uppbyggingu fylgja mun meiri umsvif en til staðar eru nú, ekki síst aukin umferð fólks, bíla og hestahópa sem geta valdið raski á viðkvæmri náttúru. Að mati Náttúrufræðistofnunar fela þessar heimildir í sér mikla breytingu á eðli svæðisins og mun ásýnd þess verða allt önnur og rask verða á víðernabrag þess. Rask á gróðri verður töluvert ef allar byggingarheimildir eru nýttar m.a. á vistgerðum með hátt verndargildi eins og víðikjarrvist. Telur Náttúrufræðistofnun að skynsamlegra væri að fara hægar í uppbyggingu en stefnt er að í deiliskipulagstillögnum, ekki síst í ljósi áforma um uppbyggingu áfangastaða allvíða á hálendisvæði Hrunamannahrepps.

5. Heiðará

Áform um uppbyggingu við Heiðará eru fremur minniháttar í samanburði við hina áfangastaðina og gerir Náttúrufræðistofnun ekki sérstakar athugasemdir.

Samantekt

Náttúrufræðistofnun telur að varlega þurfi að fara við að veita heimildir um svo mikla og víðtæka uppbyggingu á hálendisafreitti Hrunamannahrepps samtímis, án þess að lagt sé heildstætt mat á samlegðaráhrif allrar uppbyggingarinnar á víðerni og náttúru svæðisins. Ef til kemur að öll áformin verði framkvæmd innan fárra ára er ljóst að mikil breyting verði á svæðinu og hætt á að hún verði ekki í góðu samræmi við markmið náttúruverndarlaga og tilmæli Landskipulagsstefnu 2015-2026 um verndun óbyggðra víðerna. Bent er á tilvonandi vinnu við gerð svæðisskipulags Suðurlandis sem mikilvægan vettvang til að móta sameiginlega heildstæða stefnu um uppbyggingu ferðaþjónustu á öllu svæðinu.

Tryggja þarf að áform innan friðlýsts landslagsverndarsvæðis í Kerlingafjöllum séu ekki í andstöðu við markmið friðlýsingarinnar. Þá er ljóst að einstök áform eins og í Svínárnesi fela í sér mjög stóra breytingu á eðli svæðanna sem um ræðir og umtalsverða hættu á raski á viðkvæmri náttúru, og skynsamlegra væri að stíga varfærnari skref en hér eru kynnt.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stígum ef tækifæri gefst.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (5 KB)